



Skagafjörður

## Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Skagafirði 2018.

### 1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Skagafirði skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 128-1 skv. samningum Öldunnar/Kjalar frá 1. janúar 2017 með 8% persónuálagi, 13,04 % orlofi og 25% launatengdum gjöldum, **samtals 2.989 kr.**

### 2.gr

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en óskertan ellilífeyri/örorkulífeyri frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka, þ.e. **300.000 kr.** (einstaklingur með heimilisuppbót, framfærsluviðmið).
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **450.000 kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.
9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

### 3. gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

### 4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga upphæð barnaléyris frá Tryggingastofnun ríkisins (1.1.2018) **33.168 kr.** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

### Tekjumörk og gjaldflokkar:

Gjaldskrá heimaþj. 2018 samþ. Félags- og tómstundanevnd 23.11.2017					
		Tekjumörk gjaldfrí undir	Tekjur undir greiði 1/3 gjald	Tekjur undir greiði 1/2 gjald	Tekjur yfir greiði fullt gjald
Fjölsk. gerð	Einstaklingur	300.000	450.000	525.000	525.001
	Hjón/samb.fólk	450.000	675.000	787.500	787.501
Gjald	Einstaklingur	0	996	1.495	2.989
	Hjón	0	996	1.495	2.989